

Sparisjóður Bolungarvíkur

Árshlutareikningur

1/1-30/6 2007

Sparisjóður Bolungarvíkur
Aðalstræti 14
415 Bolungarvík
kt. 610269-7379

Sparisjóður Bolungarvíkur

Árshlutareikningur

1/1-30/6 2007

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Yfirlit um eigið fé	7
Skýringar	8-28

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáraðila Sparisjóðs Bolungarvíkur.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sparisjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Bolungarvík, 4. september 2007.

Endurskoðun Vestfjarða ehf

Jón Þorgeir Einarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og sparisjóðsstjóra

Hagnaður á tímabilinu 1/1 - 30/6 2007 nam kr. 230.967.398 samanborið við kr. 61.920.195 fyrir sama tímabil fyrra árs. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir Sparisjóðsins kr. 7.039.962.375 og er bókfært eigið fé í lok júní er kr. 1.464.350.506. Eigninfjárhlutfall samkvæmt ákvæðum 84. greinar laga um fjármálafyrirtæki var í lok júní 20,72% en sambærilegt hlutfall í árslok 2006 var 24,29%.

Í lok tímabilsins voru stofnfjáraðilar 230 en voru 216 í upphafi árs og nam stofnfé Sparisjóðsins 233,2 milljónum króna í lok júní 2007.

Stjórn Sjóðsins vísar í árshlutareikninginn um breytingar á eigin fé sjóðsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að áliti stjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Bolungarvíkur koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í lok júní, rekstrarárangri tímabilsins og fjárhagslegri þróun á tímabilinu.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Bolungarvíkur staðfesta hér með árshlutareikninginn fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2007 með undirritun sinni.

Bolungarvík, 4. september 2007

I stjórn

Finnbogi Jakobsson
stjórnarformaður

Runólfur K. Pétursson

Ólafur Þ. Benediktsson

Stefanía Birgisdóttir

Snorri Sturluson

Sparisjóðsstjóri

Ásgeir Sólbergsson

Rekstrarreikningur 1/1 - 30/6 2007

	Skýr.	1/1-30/6 2007	1/1-30/6 2006
Vaxtatekjur	24	284.999.230	303.344.001
Vaxtagjöld	24	<u>(225.599.635)</u>	<u>(219.699.399)</u>
Hreinar vaxtatekjur		59.399.595	83.644.603
Þjónustutekjur	25	15.256.972	19.609.477
Þjónustugjöld	25	<u>(6.022.545)</u>	<u>(7.673.185)</u>
Hreinar þjónustutekjur		9.234.427	11.936.292
Arðstekjur	28	21.882.553	13.953.240
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	26	24.356.999	(2.087.013)
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur	27	287.940.477	54.607.488
Innleystur hagnaður af fjáreignum til sölu		2.557.917	2.367.000
Gengismunur		(19.702.682)	29.385.355
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi		647.772	291.991
Aðrar rekstrartekjur	29	8.795.995	8.486.996
Hreinar rekstrartekjur		<u>395.113.053</u>	<u>202.585.951</u>
Laun og launatengd gjöld	31	(42.913.749)	(32.317.566)
Annar rekstrarkostnaður		(47.764.284)	(42.821.557)
Afskriftir	43	(1.768.679)	(2.095.437)
Virðisrýrnun eigna	32	(25.798.588)	(52.886.654)
Hagnaður fyrir skatta		<u>276.867.753</u>	<u>72.464.737</u>
Tekjuskattur	33	<u>(45.900.355)</u>	<u>(10.544.542)</u>
Hagnaður tímabilsins		<u><u>230.967.398</u></u>	<u><u>61.920.195</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

Eignir	Skýr.	30.06.2007	31.12.2006
Sjóður og innistæður í Fjármálastofnunum		247.922.053	830.512.203
Útlán og kröfur	34-36	3.502.344.868	3.453.014.256
Veltufjáreignir	38	1.800.579.300	1.383.011.993
Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	39	1.235.589.949	811.378.204
Fjáreignir til sölu	40	115.535.801	109.812.231
Hlutdeildar- og sameignarfélög	41-42	13.580.038	10.408.981
Rekstrarfjármunir	43	72.803.550	74.572.229
Fastafjármunir til sölu og eignasamstæður í sölumeðferð	44	43.841.772	49.884.360
Aðrar eignir	45	7.765.043	6.810.603
Eignir samtals		7.039.962.375	6.729.405.061
Skuldir			
Skuldir við fjármálafyrirtæki	46-47	1.027.670.980	1.302.276.169
Almenn innlán	48-49	3.486.233.827	3.164.902.375
Lántaka	50-51	642.777.193	624.531.676
Víkjandi lán	52	84.976.199	81.106.054
Lífeyrisskuldbinding	53	109.198.200	105.126.000
Skattskuld	54-56	175.081.920	129.181.565
Aðrar skuldir	57	49.673.549	56.552.793
Skuldir samtals		5.575.611.869	5.463.676.632
Eigið fé	58		
Stofnfé		233.196.664	219.335.722
Varasjóður		1.231.153.842	1.046.392.707
Eigið fé samtals		1.464.350.506	1.265.728.429
Skuldir og eigið fé samtals		7.039.962.375	6.729.405.061

Sjóðstreymi 1/1 - 30/6 2007

	Skýr.	1/1-30/6 2007	1/1-30/6 2006
Handbært fé frá (til) rekstar		(399.945.643)	(40.449.182)
Fjárfestingarhreyfingar		(150.299.551)	25.857.313
Fjármögnunarhreyfingar		(32.344.956)	(32.227.351)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(582.590.150)	(46.819.220)
Handbært fé í ársbyrjun		830.512.203	877.331.423
Handbært fé í lok tímabilsins		247.922.053	830.512.203

Eiginfjárfirlit tímabilið 1. janúar - 30. júní 2007

Fjárbæðir í þúsundum króna

	Skýr.	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Annað eigið fé	Samtals eigið fé
Breytingar á eigin fé 1/1-30/6 2006					
Eigið fé 31.12.2005		160.584	775.783	0	936.367
Áhrif upptöku alþjóðlegra staðla (IFRS)			127.641		127.641
Eigið fé 01.01.2006, leiðrétt (IFRS)		160.584	903.424		1.064.008
Hagnaður tímabilsins			61.920		61.920
Arður			(18.771)		(18.771)
Endurmat á stofnfé		8.029	(8.029)		0
		Eigið fé 30.06.2006	168.613	938.544	0
					1.107.157

	Skýr.	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Annað eigið fé	Samtals eigið fé
Breytingar á eigin fé 1/1-30/6 2007					
Eigið fé 31.12.2006		219.336	932.834	0	1.152.170
Áhrif upptöku alþjóðlegra staðla (IFRS)			113.559		113.559
Eigið fé 01.01.2007, leiðrétt (IFRS)		219.336	1.046.393		1.265.729
Innborgað stofnfé		555			555
Hagnaður tímabilsins			230.967		230.967
Arður			(32.900)		(32.900)
Endurmat á stofnfé		13.306	(13.306)		0
		Eigið fé 30.06.2007	233.197	1.231.154	0
					1.464.351

Reikningsskilaaðferðir

1. Sparisjóður Bolungarvíkur er skráður með lögheimili á Íslandi. Árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill sjóðsins.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur Sparisjóðs Bolungarvíkur er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og í samræmi við IAS 34 "Interim Financial Reporting". Þetta er fyrsti árshlutareikningur sjóðsins sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og hefur alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IFRS 1, *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, verið beitt við gerð hans.

Gerð árhlotareiknings sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2007 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur leitt til breytinga á reikningsskilaaðferðum sem notaðar voru við gerð ársreikningsins fyrir árið 2006 en hann var gerður í samræmi við íslenskar reikningsskilavenjur (IS-GAAP). Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IFRS 1, hefur reikningsskilaaðferðum einnig verið beitt við gerð opnunarefnahagsreiknings 1. janúar 2006 vegna yfirfærslu til alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu sjóðsins og afkomu er að finna í skýringum 60-61. Þessar skýringar innihalda afstemmingar á eigin fé og afkomu sjóðsins fyrir samanburðartímabil, annars vegar eins og þau voru þegar íslenskum reikningsskilaaðferðum var beitt og hins vegar eins og þau eru þegar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er beitt.

3. Reikningsskilaaðferðir

Árshlutareikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að eftirtaldir eignir og skuldir eru metnar á gangvirði; veltufjáreignir og veltufjárskuldir og fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur.

Fastafjármunir og eignasamstæður sem eru til sölu eru metin á því sem lægra er af bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði, nema þar sem alþjóðlegi reikningsskilastaðallinn IFRS 5 gerir kröfu um að annar grundvöllur sé notaður við mat þeirra.

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru endurskoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á yfirstandandi tímabil þegar matið hefur einungis áhrif þar. Hins vegar er breytingin færð á yfirstandandi tímabil og síðari tímabil ef hún hefur áhrif á þau tímabil.

Í skýringu 23 er fjallað um ákvarðanir sem stjórnendur hafa tekið við beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem hafa mikil áhrif á árshlutareikninginn og um mót þar sem veruleg hætta er á að þeim verði breytt mikið á næsta ári.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

a) Mat á gangvirði

Gangvirði veltufjáreigna og veltufjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði ræðst af skráðu verði þeirra. Sérstökum matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga til að finna gangvirði þeirra. Markaður er talinn virkur ef skráð verð eru tafarlaust og reglulega auðfánleg og þessi verð standa fyrir raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Verðmatsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila, tekið er mið af verðmætum annarra fjármálagerninga sem að verulegu leyti eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst er við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi, notast við valréttarverðlíkön eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu verðmatsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við þekktar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Sjóðurinn staðfestir reglulega verðmatsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerninginn, án aðlaganna eða breytinga, eða byggir á upplýsingum frá virkum markaði.

Besta sönnun á gangvirði þeirra í upphafi er kaupverðið, sem er gangvirði umræddar eignar, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við aðrar skráðar og nýlegar markaðshreyfingar á sama gerningi án aðlögunar eða endurgerðar eða byggð á matsaðferð þar sem breytur innihalda einungis upplýsingar frá virkum mörkuðum. Þegar slík sönnunargögn eru fyrir hendi, færir bankinn hagnað eða tap við upphaflega skráningu.

b) Virðisrýrnun lána og krafna

Eins og fram kemur í skýringu 21, færir sparisjóðurinn töp vegna virðisrýrnunar útlána og krafna. Til að meta virðisrýrnunina endurskoðar sparisjóðurinn útlánasafn sitt tvisvar á ári. Þegar stjórnendur sparisjóðsins taka ákvörðun um hvort færa eigi virðisrýrnun í rekstrarreikning er horft til þess hvort raunverulegar upplýsingar liggja fyrir sem benda til þess að mælanleg lækun hefur orðið á væntanlegu framtíðarstjóðstreymi lána og krafna. Vísbendingar geta verið um óhagstæðar breytingar á greiðslugetu lántakenda eða efnahagsástandi.

Stjórnendur sparisjóðsins nota mat sem byggir á sögulegri tapsreynslu af lánum og kröfum sem eru með svipuð áhættueinkenni þar sem raunverulegar upplýsingar um virðisrýrnun eru svipuð þegar framtíðarsjóðstreymi er metið. Aðferðafræðin og forsendurnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningu á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt á gangvirði eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi dags er gangvirði var ákveðið.

5. Útlán

Útlán og kröfur eru óafleiðutengdar fjáreignir með föstum eða skilgreindum gjalddögum sem eru ekki skráðir á virkum markaði. Útlán og kröfur innifela lán sem sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum, þátttaka í lánum frá öðrum lánveitendum, og yfirtekin lán sem eru ekki skráð á virkum markaði og sjóðurinn hefur engar áætlanir um að endurselja strax eða í náinni framtíð.

Útlán eru færð þegar lántakendum eru greiddir út fjármunir tengdir útláninu. Fjáreignir eru við upphaflega skráningu færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk viðskiptakostnaðar. Þau eru því næst færð á kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðri fjárhæð lána og krafna.

Skýringar

6. Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru þær fjáreignir sem hafa verið keyptar í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða á miðlaraþóknunum.

Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði sem eru ekki skilgreindar í áhættuvarnarsambandi eða eru ekki virk áhættutæki.

Veltufjáreignir eru metnar á gangvirði. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum koma fram í rekstrarreikningi undir liðnum *Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum*. Vaxta- og arðstekjur af þessum eignum eru innifaldar í *vaxtatekjum* og *arðstekjum* í rekstrarreikningi.

7. Sérstakar fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur

Sparisjóðurinn tilgreinir tilgreindar fjáreignir í upphafi sem fjáreignir á gangvirði þar sem breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum rekstur, þegar sú flokkun felur í sér meira viðeigandi upplýsingar vegna þess að:

- flokkunin eyðir eða dregur verulega úr reikningshaldslegu ósamræmi í mati eða færslu sem gæti myndast við það að meta eignir eða skuldir eða færa hagnað og tap af þeim með ólíkum hætti, eða
- fjáreignum og/eða fjárskuldum er stýrt og er afkoma þeirra metin á gangvirðisgrunni samkvæmt áhættu-
stýringu og fjárfestingastefnu sparisjóðsins og upplýsingar til lykilstjórnenda eru veittar með þessum hætti.

Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði með breytingar færðar í rekstrarreikning eru sýndar í rekstrarreikningi sem *Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur*. Vextir og arðgreiðslur eru innifalín í Hreinum vaxtatekjum og arðstekjum. Vaxtatekjur af lánum eru færðar miðað við virka vexti.

8. Fjáreignir til sölu

Fjáreignir til sölu eru aðallega hlutabréf sem eru langtímafjárfesting.

Fjáreignir til sölu eru metnar á gangvirði. Óinnleystur hagnaður eða tap, eftir skatta, er fært á eigið fé, þar til þær eru seldar eða ákveðið að afskrifa þær. Við það að selja eignirnar er uppsafnaður hagnaður eða tap sem fært var á eigið fé flutt í rekstrarreikning undir liðinn *Innleystur hagnaður af fjáreignum til sölu*. Hagnaður og tap af sölunni er reiknaður út frá meðaltals kostnaðarverði.

Vextir og arðstekjur af fjáreignum til sölu eru innifaldar í *Vaxtatekjum og arðstekjum* í rekstrarreikningi. Gengishagnaður af hlutabréfum er færður á eigið fé en gengishagnaður af skuldabréfum er færður í rekstrarreikning undir liðnum *Gengismunur*.

9. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem Sparisjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda.

Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar Sparisjóðurinn hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar Sparisjóðurinn verður hluti af sammingsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding Sparisjóðsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

Skýringar

10. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda nettó eða innleysa eignina og greiða skuldina á sama tíma.

11. Rekstrarfjármunir

a) Eignir í eigu sparisjóðsins

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og viðis-rýmunartapi í samræmi við kostnaðarlíkanið samkvæmt IAS 16.

Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi líkt og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

b) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður þegar hann fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til Sparisjóðsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Ákvörðun um hvort kostnaður sem fellur til síðar er bætt við bókfært verð eignar byggir á hvort skipt hafi verið um sjáanlegan íhlut eða hluta af slíkum íhlut eða hvort eðli þess kostnaðar sem fellur til síðar sé á þann veg að hann sé framlag í nýjan íhlut. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

c) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af rekstrarfjármunum eftir að hrakvirði hefur verið dregið frá. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikninginn. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir.....	50 ár
Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og tæki.....	3-7 ár

Svo fremi að niðurlagsverð sé ekki óverulegt er það endurmetið árlega.

12. Fastafjármunir og eignasamstæður til sölu

Eignir og skuldir í eignasamstæðum til sölu sem upphaflega hafa verið keyptar til notkunar í rekstri eru færðar í bókhaldi í samræmi við mats- og skráningarreglur viðeigandi reikningsskilastaðals. Síðan, við upphaflega flokkun sem eign til sölu, eru fastafjármunir og eignasamstæður til sölu færðar á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Virðisrýmunartap sem myndast við upphaflega flokkun sem fastafjármunur eða eignasamstæða til sölu er fært í rekstrarreikning. Hækkun gangvirðis að frádregnum sölukostnaði á síðari uppgjörsdögum er fært til tekna í rekstrarreikningi og til hækkunar á bókfærðu verði eigna eða eignasamstæðu að svo miklu leyti sem hækkunin fer ekki umfram það virðisrýmunartap sem áður var gjaldfært vegna viðkomandi eigna eða eignasamstæða.

Fastafjármunir til sölu eru fullnustueignir sem eru í sölufarli.

13. Lántaka

Lántaka sparisjóðsins eru einkum útgefin skuldabréf frá fjármálafyrirtækjum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin að frádregnum kostnaði vegna viðskiptanna. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkæmt aðferð um virka vexti. Uppsafnaðir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökunnar.

Skýringar

14. Víkjandi lán

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 61. Um er að ræða skuldabréf sem endurgreiðast á næstu 2-7 árum. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í lok tímabils.

Víkjandi lán eru upphaflega skráð á gangvirði að frádragnum kostnaði vegna viðskiptanna. Víkjandi lán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Uppsafnaðir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði víkjandi lána.

15. Lífeyrisskuldbinding

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna eftirlaunaskuldbindinga er núvirði skuldbindingar á reikningsskiladegi. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð af tryggingastærðfræðingi árlega. Vextir til að núvirða lífeyrisskuldbindinguna eru 3%.

16. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning þegar lagaleg skylda, sem leiðir af liðnum atburðum, hvílir á Sparisjóðnum, og líklegt þykir að ústreymi hagrænna gæða þurfi að koma til við uppgjör skuldbindingarinnar. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarfjárstreymi með hlutfalli fyrir skatta og meta þannig áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

17. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

18. Eigið fé

a) Stofnfé

Ef stofnfé er keypt af stofnfjáraðila er sú fjárhæð sem greidd er, þar með talinn viðskiptakostnaður, færð til lækkunar á eigin fé.

b) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur á stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af aðalfundi stofnfjáraðila.

19. Handbært fé

Til handbærs fjár í yfirliti um sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í seðlabönkum, ríkisvixlar endurseljanlegir í seðlabönkum og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Skýringar

20. Tekjur og gjöld

a) *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflega bókfærðu verði vaxtaberandi fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

Ef fjáreign eða hópur sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýrnunartapið. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.

b) *Þjónustutekjur*

Sparisjóðurinn veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna sem hann fær greitt fyrir eins og tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þriðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldabréfavíðskipta, tekjur af eignastýringu auk annara tekna. Þóknanir vegna þjónustu sem veitt er yfir ákveðið tímabil er dreift eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknanir vegna árangurstengdrar þjónustu er færð þegar forsendur fyrir árangurstengingunni eru uppfylltar.

c) *Arðstekjur*

Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning miðað við þann dag þegar arðgreiðsla er samþykkt.

d) *Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum*

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum fela í sér hagnað og tap vegna sölu, innlausnar og breytinga í gangvirði veltufjáreigna og veltufjárskulda.

e) *Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur*

Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning fela í sér hagnað og tap vegna sölu og breytinga á gangvirði fjáreigna sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur.

f) *Rekstrargjöld*

Til rekstrargjalda teljast laun og launatengd gjöld, afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna og annar kostnaður svo sem húsnæðis-, markaðs- og tölvukostnaður.

21. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna Sparisjóðsins annarra en reiknaðrar skattinneignar og fjáreigna á gangvirði gegnum rekstur er endurskoðað á hverjum reikningskiladegi til þess að ganga úr skugga um að eignin hafi ekki rýrnað að verðmæti. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning hvenær sem bókfært verð eignar eða sjóðskapandi einingar er hærra en endurheimtanlegt verðmæti hennar.

a) *Virðisrýrnun útlána*

Ef eitthvað bendir til virðisrýrnunar útlána er bókfært verð þeirra lækkað gegnum sérstakan afskriftareikning, til núvirts endurheimtanlegs virðis, miðað við upphaflega vexti.

Ef virðisrýrnun gengur síðar til baka og slíkt má rekja til atburðar eftir að virðisrýrnun var færð, skal virðisrýrnun bakfærð að því marki sem hún er nú ofmetin með því að lækka afskriftareikning. Bakfærslan er færð í rekstrarreikning eins og upphaflega virðisrýrnunin.

Stjórnendur sparisjóðsins meta fyrst hvort merki um virðisrýrnun eru til staðar fyrir hverja einstaka fjáreign sem telst veruleg ein og sér. Lán og kröfur sem ekki falla í þann flokk eru metin sem hluti af safni sem er metið í heild sinni með tilliti til virðisrýrnunar. Við mat á slíku safni er gengið út frá því að lán í slíku safni séu í eðli sínu áþekkt hvað varðar útlánaáhættu. Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun er skoðað hvort líklegt sé að vænt framtíðarsjóðstreymi lánasafnsins hafi orðið fyrir skerðingu og hvort hægt sé að meta rýrnunina án þess þó að eynamerkja hana ákveðnum lánnum.

Tvær grunnaðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnunartap, annars vegar á einstökum lánnum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun innihalda sýnileg gögn um eftirfarandi tapaðstæður:

- (i) Umtalsverðir fjárhagsörðuleikar lántakanda.
- (ii) Samningsrof, svo sem vanskil á afborgun á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól.
- (iii) Samstæðan veitir lántakanda, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvand-ræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda.
- (iv) Það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endur-skipulagningu.
- (v) Virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslegu eign vegna fjárhagslegra vand-ræða.
- (vi) Greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánasafni frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í safninu, þar á meðal;
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu; eða
 - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsástæður sem tengjast eignum Sparisjóðsins.

21. Virðisrýrnun (framhald)

Útlán metin hvert fyrir sig

Virðisrýrnun á einstökum lánum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfalli fyrir sig. Sparisjóðurinn metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggi raunverulegar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við ákvörðun slíks virðisrýrnunartaps á einstökum metnum lánum er tillit tekið til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta samstæðunnar gagnvart viðskiptavininum;
- upphæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líklegur ágóði til sparisjóðsins við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarupphæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurheimtu með árangri; og
- líklegur frádráttur kostnaðar við endurheimt útstandandi upphæða.

Virðisrýrnunartap er reiknað með því að bera saman núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti lánsins, við núverandi bókfært verð og fjárhæð taps sem er fært í rekstrarreikning. Bókfært verð virðisrýrðra lána er lækkað með notkun afskriftareiknings. Þegar lán er með breytilegum vöxtum, er ávöxtunarkrafa við mælingu á virðisrýrnunartapi núverandi virkir vextir lánsins.

Söfn útlána metin

Þar sem lán hafa verði metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra lánaáhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun. Þetta tap nær til lána sem eru virðisrýrð á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er ákvörðuð með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi í lánasafni sem metið er með tilliti til virðisrýrnunar er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna.
- söguleg tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaður tími frá tapi þar til tapið er greint og fært með sérstöku framlagi í afskriftunarreikning;
- framtíðar sjóðstreymi í lánasafni sem er metið vegna virðisrýrnunar er áætlað á grundvelli samningsbundins fjárstreymis; og
